

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXVII. árgangur.

1946.

Miðvikudaginn 9. janúar 1946.

Nr. 111/1945. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Gustav A. Sveinsson)

gegn

Höskuldi Guðmundssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Héraðsdómur ómerktur og málinu vísað til héraðsdómara.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu hefur kveðið upp Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu. Löggilding handa Guðmundi Eggerz til fulltrúastarfa hjá greindum dómara, útgefin af dómsmálaráðuneytinu 23. febrúar 1945, tekur ekki til uppkvaðningar dóma í sakamálum. Brast fulltrúann því heimild til uppsögu dóms í máli þessu. Af þessari ástæðu verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dómt og vísa málinu heim í hérað.

Rannsaka ber málið rækilegar, áður en dómur gengur í því af nýju í héraði. Spyrja ber unnustu ákærða, sem hjá honum sat í bifreiðinni, um það, hvort hún hafi séð ákærða neyta áfengis þann morgun, er slysið varð, eða nóttina áður og hvort hún hafi þá séð áfengisáhrif á honum. Svo skal og farþegi sá, Aðalsteinn að nafni, sem fór úr bifreiðinni á Hofsósi, einnig spurður um það, hvort hann hafi orðið vís áfengisneyzlu ákærða eða áfengisáhrifa á honum. Þá ber að lýsa betur ræsi því, er bifreiðin fór yfir, er slysið varð. dýpt þess og hversu stórir steinar liggja að því. Loks ber að rannsaka þau atriði, er framhaldsrannsóknin gefur efni til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakar þessarar greiðist úr ríkis-

sjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar og og dómsuppsögu af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gústavs A. Sveinssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00. til hvors.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 25. maí 1945.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Höskuldi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Aðalstræti nr. 12 á Akureyri, samkvæmt fyrirslagi dómsmálaráðuneytisins í bréfi, dags. 24. janúar 1945, af réttarins hálfu fyrir brot á 23. kafla almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á bifreiðalögunum nr. 23 frá 16. júní 1941, umferðarlögunum nr. 24 frá 16. júní 1941 og áfengislögunum nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Málsatvik eru þessi:

Morguninn 10. september 1944 féll maður út úr bifreið, er ákærði stýrði, skammt fyrir utan Hofsós og beið bana, en um ferð þessa er þetta upplýst með eigin játningu ákærða og í öðrum skýrslum.

Ákærði hafði um rúmlega mánaðarskeið flutt grjót og sand til Skeiðarárfossavirkjunarinnar í Skagafjarðarsýslu á bifreiðinni A. 161, eign Guðmundar Jónassonar bifreiðarstjóra á Akureyri. Um kl. 10 á laugardagskvöldið 9. september ók ákærði bifreiðinni úr Haganesvík, og var ferðinni heitið til Hofsóss, en þar átti dansleikur að vera um nóttina. Helgi nokkur Helgason réð ákærða til fararinnar. Snemma um sunnudagsmorguninn var lagt af stað frá Hofsós. Samkvæmt skýrslu héraðslæknis var komið með slasaða kl. rúmlega 6 að morgni til hans, en vitnið Karl Jóhannsson leit á úr sitt, þegar slysið var um garð gengið, og vantaði klukkuna þá 27 mínútur í 6. Er þá hér um hálf tíma ferð að ræða. Ákærði telur, að lagt hafi verið af stað kl. 4, en bifreiðarstjórnir Alfreð Jónsson og Guðbjartur Júlíus Geirsson kl. 5. Helgi og unnusta ákærða sat hjá honum í stýrishúsinu, en aðrir farþegar, 7 að tölu, í lausaskýli á palli bifreiðarinnar. Á skýlinu voru 3 dyr, ein fyrir hvern

bekk. Allir karlmennirnir voru, að því er ákærði segir, mjög ölv-
aðir, er hann lagði af stað frá Hofsós, og hófust þá þegar ryskingar
og hörkuáflog í bifreiðarskýlinu, og það áður en lagt var af stað.
Þegar komið var út á slétta mela skammt fyrir utan Hofsós, þá var
bankað úr bílskýlinu á ákærða, og stöðvaði hann þá undireins
bifreiðina. Lá þá einn mannanna úr skýlinu flatur á bakinu vinstra
megin við bifreiðina, sem eina bíllengt aftan við bifreiðina. Var
hann meðvitundarlaus. Þessi maður var Sigurbergur Steinsson.
Vöruflutningabifreið K 27 var rétt á eftir bifreið ákærða. Tók bif-
reiðin manninn upp og ók honum til lækni á Hofsós. Samkvæmt
skýrslu héraðslæknisins á Hofsós var komið með Sigurberg Steins-
son til hans rúmlega 6 að morgni 10. september. Var maðurinn þá
ósjálfbjarga og meðvitundarlaus, og andaðist hann kl. 8, eða tæp-
um tveimur klukkustundum, eftir að komið var með hann til hérað-
slæknis. Í skýrslu sinni getur héraðslæknirinn þess, að sterkan
vinþef hafi lagt af hinum slasaða manni, að spurningum öllum
hafi hann svarað út í hött eða alls ekki, að yfirhöfn og yfirföt hafi
verið gauðrifin og blóðblettur á lófum yfirhafnar. Á hvirfli aftar-
lega kom í ljós áverki, bogadreginn skurður (flipi), ca. 3—4 cm á
lengd, og hafði blætt úr, en ekki var finnanlegt, að bein væri þar
skaddað. Nokkru fyrir neðan miðju á vinstra framhandlegg, utan
megin, var blár og bólgin blettur, kringlóttur, lítið eitt stærri en
2ja krónu peningur, ölnarbeinið virtist óbrotið. Við hreyfingu
kviðar kveinkaði sjúklingur sér, en engan áverka var þar að sjá
eða annars staðar. Að lokum komst héraðlæknir að þessari niður-
stöðu: „Af klíniskum einkennum má helzt ráða, að hauskúpan hafi
klofnað og blætt inn í heilann“.

Um einstök atriði skal þetta tekið fram:

Þegar farið var frá Hofsós á sunnudagsmorguninn, voru allir
farþegarnir, karlmennirnir, meira eða minna drukknir að einum
undanskildum, enda hefur ákærði skýrt svo frá: Undireins og lagt
var af stað úr Hofsósi, hófust ryskingar og hörkuáflog í skýlinu
á bifreiðinni, jafnvel áður en lagt var af stað, byrjuðu þeir að fljúg-
ast á í skýlinu.“ Vitnið Alfreð Jónsson segir og, að þegar farþeg-
arnir voru að fara upp í skýli á bifreið hans, hann stýrði K 27, hafi
hann heyrt áflog og brothljóð inni í skýlinu á bifreið A 161, sem
stóð rétt fyrir aftan K 27. Þá hefur vitnið Karl Jóhannsson borið,
að ryskingar hafi hafizt í bifreiðarskýlinu, áður en lagt var af stað
frá Hofsós. Var það sérstaklega einn farþeginn, Knud Herdner, sem
var mjög drukinn, er stóð fyrir ryskingunum, og brotnaði þá
rúða á hægri hlið bílskýlisins.

Slysið vildi til skammt fyrir utan Hofsós. Ekki liggja fyrir ná-
kvæmar upplýsingar um, hvernig vegurinn fyrir utan Hofsós er,
en allt bendir til, að hann muni ekki góður. Samkvæmt athugun
dómarans og ákærða í réttarhaldinu í Skagafirði 14. september

hefur bifreið ákærða um það leyti, er slysið varð, farið yfir skurð eða vatnsrás, áður en hún komst upp á sjálfan veginn, en bifreið ákærða, að því er virðist, farið yfir sléttan mel til þess að komast fram hjá annari bifreið, og vildi slysið þannig til, er bifreiðin komst aftur upp á veginn. Farþegar bifreiðarinnar telja, að slysið hafi viljað til vegna ójöfnu á veginum, og einn þeirra, Karl Jóhannsson stúdent, segir, að bifreiðin hafi hengt allmikið til og að hann hafi tvisvar sinnum kastast upp undir loft á þaki bifreiðarinnar, sem tók kast á báðar hliðar.

Þá má telja upplýst, að ákærði hafi að minnsta kosti ekið með 30 km hraða á klukkustund, þegar slysið vildi til. Bæði er, að ákærði telur sjálfur, að hann hafi ekið með þessum hraða, og þá liggja fyrir framburðir vitnanna um þetta atriði, ökuhraðann. Framburður Alfreðs bónda Jónssonar, er ók flutningabifreiðinni K 27, er á þessa leið: „Hann segist hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar, rétt áður en bifreið A 161 fór fram úr K 37, og sýndi hann þá 30 kílómetra hraða á klukkutíma, og með því að jafnt bil hélzt á milli K 27 og A 161, hefur A 161 verið með framangreindum hraða, þegar slysið varð.“ Vitnið Guðbjartur Júlíus Geirsson, er stýrði bifreiðinni K 37, telur, að þegar A 161 ók fram hjá því, hafi það stöðvað bifreið sína, en hann telur, að hann, áður en hann stöðvaði bifreið sína, hafi ekið með 30 km hraða á klukkustund. Vitnið tekur fram, að það hafi ekki litið á hraðamælinn. Er þetta því ágizkun vitnisins. Framburður vitnisins Jóns Jóhannssonar lögregluþjóns: „... en A 161 mun hraðar og ógætilega, og var hraði A 161 aukinn, er henni hafði verið ekið fram úr K 37“, þykir ekki það nákvæmur, að byggt verði sérstaklega á honum um ökuhraðann.

Þá vill rétturinn í þessu sambandi taka fram, að hraði bifreiðarinnar hlýtur að hafa verið æði mikill, úr því að hurðirnar fuku frá bifreiðarskýlinu, og þar sem ekki er upplýst, að verulegar skemmdir hafi orðið, virðist allt benda til þess, að hinar miklu skemmdir á skýlinu eigi rót sína að rekja til þess kasts, er bifreiðin tók, um leið og slysið vildi til, en að þessum skemmdum verður síðar nánar vikið.

Það er upplýst, að um leið og bifreiðin kastast til, fremsta hurðin á skýlinu opnast og fellur út, hrekkur Sigurbergur Steinson, sem er mjög drukinn og situr við hurðina, út á veginn og bíður bana af. En hins vegar er ekkert fram komið í rannsókninni, er bendi til, að annað en þetta, að hann hrekkur út, hafi verið orsök slyssins eða dauða hans. Þá má geta þess, að um leið og Sigurbergur dettur út úr skýlinu, hrökk einnig Guðjón Högni Pálsson, er situr við hlið Sigurbergs, að hálfu leyti út, en hann náði í kaðal, sem skýlið var bundið með á bifreiðarpallinn, og meiddist ekki. Rétturinn hefur veitt því athygli, að í vottorði hér-

aðslæknis er tekið fram, að yfirhöfn slasaða hafi verið gauðrifin. Er því líklegt, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um þetta atriði, að fötin hafi rifnað við áflogin í bílskýlinu.

Skal nú vikið að áfengisneyzlu ákærða.

Vitnið Friðbjörn Þórhallsson, er hafði á hendi forstöðu dans-skemmtunarinnar á Hofsós umrædda nótt, 10. september, telur, að ákærði hafi verið ölvaður, bæði þegar hann kom að Hofsós um kvöldið og eins, þegar hann fór þaðan um morguninn, en þó minna, er hann fór þaðan. Ekki sá hann þó ákærða neyta áfengis, en dregur ályktun sína um ölvun ákærða af því, að hann, þegar hann drakk kaffi, hafi hann verið „með pat og látbragð drukkinna manna.“ Vitnið Halldór Jónsson, einn þeirra, er stóð fyrir skemmtuninni, segir, að ákærði hafi haft vín um hönd, og að hann hafi séð hann súpa á flösku, en ekki virtist vitninu ákærði áberandi drukkinn. Hins vegar eru framburðir annarra vitna um þetta atriði á þessa leið. Alfreð Jónsson gat ekki séð, að ákærði væri ölvaður, er hann lagði af stað frá Hofsós, og sá hann ekki neyta áfengis. Karl Jóhannsson sá ákærða aldrei á ferðinni neyta áfengis og sá ekki á honum ölvun, en vitnið tekur fram, „að dimmt hafi verið, svo það sé ekki að marka“. Pétur Joensen segist ekki hafa merkt það af neinu, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis í förinni, og ekki vitað til, að hann hafi neytt áfengis. Skarphéðinn Veturliðason segist ekki hafa komið að því á nokkurn hátt, að ákærði væri ölvaður eða að hann neytti áfengis í ferðinni. Magnús Stefán Guðlaugsson segist ekki hafa séð ákærða neyta nokkurs áfengis og ekki hafa merkt, að hann væri undir áhrifum áfengis. Knud Herdner Georgsson sá ekki ákærða neyta áfengis, en hitt sá hann, að Helgi Helgason, sem var hjá bílstjóra, var með vínflösku. Helgi Helgason kveðst ekki vita til, að ákærði hafi neytt áfengis í ferðinni, og ekki hafa séð á honum vín. Jón Jóhannsson telur, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, en getur þess jafnframt, að það hafi ekki getað athugað ástand hans eins nákvæmlega og það hefði viljað. Þar sem nú þannig liggja fyrir samhljóða framburðir 6 farþega bifreiðarinnar og einnig framburðir bifreiðarstjóra Alfreðs Jónssonar um það, að ákærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis og að vitnin hafi ekki séð hann bragða áfengi, þykir framburður hinna 3ja vitna, er borið hafa hið gagnstæða, ekki það greinilegir, að talið verði sannað, að ákærði hafi við aksturinn verið undir áhrifum áfengis, gegn eindregnum mótmælum hans um, að svo hafi verið. Framburður vitnisins Guðbjarts Júlíusar Geirssonar þykir lítið upplýsa um þetta atriði. Samkvæmt þessu verður að sýkna ákærða fyrir brot á áfengislögunum.

Um framkomu ákærða eftir slysið skal tekið fram, að upplýst er, að hann hélt kyrru fyrir á slysstaðnum, þangað til að ekið var

í burtu með hinn slasaða mann, en að öðru leyti liggja engar sannanir fyrir um, að hann hafi sérstaklega átt þátt í eða hjálpað til við brottflutning mannsins.

Ákærði heldur fram, að ekki hafi verið hægt að láta hinn slasaða mann inn í bílaskýlið, eins og það var orðið útleikið, og þá heldur hann fram, að hann hafi beðið „Adda“, Alfreð Jónsson, um að fara með manninn til læknis, en þetta vitni, Alfreð Jónsson, hefur gefið þá skýrslu, að það og einn af farþegum hans hafi tekið hinn meðvitundarlausan mann, og að einhver úr bifreið K 37 hafi mælt til þess við vitnið, að hann færi með manninn til læknis, og er þetta í samræmi við framburð vitnisins Jóns Jóhannssonar lögregluþjóns. Skal í þessu sambandi tekið fram, að í aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 5. apríl 1945 var lagt fram símskeyti frá greindu vitni, rskj. nr. 12, þess efnis, að ákærði hefði beðið það að aka hinum slasaða manni til læknis, en í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu 24. f. m. heldur vitnið Alfreð Jónsson fram, að þetta sé rangt og stafi af misminni sínu og því, að hann hafi skrifað skeytið í flýti. Hins vegar tekur Alfreð fram í greindum lögreglurétti Skagafjarðarsýslu, að Jón Jóhannsson hafi beðið hann að fara með manninn til læknis, en eins og tekið er fram hér að framan, bar Alfreð það í byrjun, að einhver úr bifreið K 37 hafi beðið hann um þetta. Ákærði kannast ekki við að hafa átt á slysstaðnum tal við lögregluþjón Jón Jóhannsson. En fyrir lögreglurétti Reykjavíkur hefur hann, Jón, borið það, að hann hafi sagt ákærða að fara með manninn strax til læknis á Hofsós, en að ákærði hafi sagt, að hann gæti ekki farið með manninn þangað, án þess að gera nánari grein fyrir þessu. Allt bendir þannig til, að ákærði hafi engin afskipti haft af hinum slasaða manni á slysstaðnum. Og ákærði hefur viðurkennt, að hann gerði lögreglunni ekki aðvart um slysið.

Um bifreiðina sjálfa þetta:

Hún var skoðuð á Akureyri 19. maí 1944 og var þá í góðu lagi. Þá var hún aftur skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanninum á Akureyri 21. september 1944, og var þá heldur ekkert við hana að athuga, nema hvað afturljós loguðu ekki. Hins vegar eru allar líkur fyrir, að farþegaskýli það, er fest var á bifreiðarpallinum, hafi verið lélegt eða lítt nothæft. Að öðrum kosti gat það naumast skemmt 'svo mikið, er raun varð á. En menn þeir, lýsa skemmdum þannig: „Þeim megin, sem hurðir eru á skýlinu, er hliðin brotin úr því, allir bekkir, sem í skýlinu hafa verið, eru einnig brotnir, 2 brotnir alveg niður og sá þriðji einnig mikið skakkur og brotinn. Auðsætt er, að um ný brot er að ræða, enda hefði ekki verið lagt upp með að nota skýlið til mannflutninga, eins og það nú er.

Annar matsmaður bætir því við í réttinum, að einn aflstuðullinn í hinni brotnu hlið skýlisins sé heill.

Ákærði hefur kannazt við, að farþegaskýlið hafi ekki verið löglega útbúið, þar sem það var fest með kaðli, en ekki með járnboltum. Ákærði festi sjálfur skýlið á pallinn með öðrum manni, og ekki lét hann bifreiðaeftirlitsmann skoða skýlið.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið gerðar.

Skulu nú tekin fram aðalatriði málsins:

1. Skýlið er bundið niður með kaðli, í stað þess að festa átti það niður með járnboltum. Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði ekki skýlið, sem að öllum líkindum hefur verið lélegt eða lítt not hæft.
 2. Samkvæmt skoðunarvottorði bifreiðarinnar mátti ákærði aðeins hafa einn mann í stýrishúsinu, en hann hafði tvo, og við þetta bætist, að annar þeirra, Helgi Helgason, var svo fullur, að því er hann sjálfur segir, að hann vissi ekkert, hvað gerðist, og vitnið Knud Herdner Georgsson ber það, að hann hafi séð Helga, „sem sat í stýrishúsi bifreiðarinnar hjá bílstjóra með vínflösku“. Það, að ákærði hefur mjög drukkinn mann í stýrishúsinu hjá sér, er alvarlegt brot á öllum varúðarreglum.
 3. Allir farþegarnir, að tveimur undanteknum, eru fullir. Einn þeirra, Guðjón Högni Pálsson, er borinn út í bifreiðina. Knud H. Georgsson og Helgi Helgason vissu ekki, hvað gerðist.
 4. Þegar slysið varð, er ökuhraðinn að minnasta kosti 30 km á klukkutíma. Þegar tekið er tillit til þess, að ákærði ók út af veginum og hann var að öllum líkindum ekki vel kunnugur honum, að minnsta kosti kannast hann við, að honum hafi sýnt skurðurinn eða vatnsrásin grynnt en hann í raun og veru var, þykir þetta ógætilegur akstur. Og hér við bætist, að ákærða mátti vera ljóst, að honum bar að aka mjög gætilega, þar sem farþegarnir voru fullir og bílsskýli ekki svo fest sem vera bar.
 5. Ákærði virðist enga hjálp hafa veitt hinum slasaða manni. Þá skal tekið fram, að ákærði heldur fram, að ekki hafi verið hægt að aka hægra megin fram hjá bifreiðinni K 37. En rétturinn lítur svo á, að, eins og á stóð, bar ákærða enga nauðsyn til að aka fram fyrir bifreiðina. Talsmaður ákærða telur, að bifreiðinni hafi verið ekið afturljósalausri í umræddri för.
- Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur ekki sætt ákæru eða refsingu áður. Með skirskotun til framanskráðs þykir hann hafa gerzt sekur við 7. gr. 5. mgr. reglugerðar nr. 72 frá 24. júní 1937, 14. gr. 3. mgr. bifreiðalaganna frá 16. júní 1941, 28. gr. 3. mgr. sömu laga — ákærði ók fram hjá til vinstri —, 26. gr. 1. mgr., 27. gr. 1. mgr. og 29. gr. sömu laga, sbr. 38. gr. laganna.

Þá hefur ákærði gerzt sekur við 2. gr., 4. gr., 9. gr. 1. og 2 mgr. umferðarlaganna frá 16. júní 1941, sbr. 14. gr. sömu laga.

Loks telur rétturinn, að þegar litið er á öll framanskráð atriði, beri að telja ákærða brotlegan við 215. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Þá þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs talsmanns síns, Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns, er ákveðast kr. 300.00.

Málið hefur verið rekið víðalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Höskuldur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 1 ár frá birtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Friðriks Magnússonar, kr. 300.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. janúar 1946.

Kærumálið nr. 16/1945. Ármann Jakobsson

gegn

Sveini Frímannssyni og Agli Sigurðssyni.

Frávísunardómur ómerktur og máli vísað til héraðsdómara.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, og samdómandinn Benedikt Steingrímsson. Hinn samdómandinn, Gísli Eyland, greiddi sér-
atkvæði í málinu.

Með kæru 13. desember f. á., er hingað barst 27. sama mánaðar, hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm sjó- og verzlunardóms Akureyrar, upp kveðinn 10. sama mánaðar, þar sem vísað var frá héraðsdómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og